

Mánudaginn 12. október 1942.

Nr. 54/1942. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Jóni Jónssyni og Ámunda Geirssyni
(Gústaf A. Sveinsson).

Brot gegn lögum 47/1938 um fasteignasölu.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta refsíákvæði hans, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 krónur hvorum.

Því dæmist rétt vera:

Refsíákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærðu, Jón Jónsson og Ámundi Geirsson, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða allan sakarkostnað í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 26. maí 1942.

Ár 1942, þriðjudaginn 26. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1148—1149/1942: Valdstjórnin gegn Jóni Jónssyni og Ámunda Geirssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Jónssyni veitingamanni, Hafnarstræti 20, og Ámunda Geirssyni útgerð-

armanni, Vesturgötu 26, báðum hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 47 11. júní 1938 um fasteignasölu.

Kærður Jón Jónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 29. ágúst 1898, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1919 2% Sátt: 600 kr. sekt fyrir áfengissmygl.
- 1921 $\frac{3}{4}$ Undirgekkst að greiða kr. 301.50 í skaðabætur út af kæru um smitun af kynsjúkdómi.
- 1922 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir árás og meiðingar. Afgr. til dómara.
- 1923 $\%$ Sátt: 500 kr. sekt fyrir bannlagabrot.
- 1923 $2\frac{3}{4}$ Sátt: 600 kr. sekt fyrir áfengissmygl.
- 1924 $\frac{7}{8}$ Kærður fyrir ofbeldisverk við konu. Afgr. með 150 króna skaðabótageiðslu.
- 1926 $2\frac{3}{4}$ Dómur hæstaréttar: 3000 kr. sekt og 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 15 1925 og 27. gr. laga nr. 34 1902.
- 1927 $\frac{5}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
- 1928 $\frac{7}{12}$ Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð $2\frac{5}{10}$ 1925.
- 1929 $\frac{9}{7}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1930 $1\frac{5}{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 150 kr. sekt og svipting ökuskirteinis í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðar-akstur.
- 1930 $2\frac{5}{10}$ Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1931 $3\frac{0}{1}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1931 $1\frac{8}{5}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 150 kr. sekt og svipting ökuskirteinis æfilangt fyrir brot á áfengislögunum og bifreiðalögunum. Staðfest í hæstarétti $\frac{9}{10}$ 1931.
- 1932 $\%$ Sátt: 300 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1932 $2\frac{2}{12}$ Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1933 $2\frac{7}{8}$ Sátt: 600 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1933 $1\frac{5}{8}$ Sátt: 500 kr. sekt fyrir að veita ólöglegt áfengi.
- 1933 $2\frac{7}{6}$ Dómur hæstaréttar: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaganna.
- 1935 $1\frac{0}{11}$ Sátt: 20 kr. sekt fyrir brot gegn 79. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1935 $1\frac{4}{12}$ Aðvörðun fyrir brot (ætlað) gegn verzlunarlöggjöfinni.
- 1936 $\frac{9}{11}$ Áminning fyrir brot á reglugerð nr. 49 1936 og lögum nr. 24 1936.
- 1936 $3\frac{0}{12}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 150 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 84 1933, 1. gr. og 5. sbr. 11. gr. laga nr. 24 1936, sbr. 7. gr. reglug. nr. 49 1936.
- 1938 $\frac{7}{1}$ Sátt: 600 kr. sekt fyrir áfengisbruggun.

- 1938 $\frac{1}{10}$ Kærður fyrir stimpingar og fataspjöll. Athugað, en ekki talin ástæða til réttarmeðferðar.
- 1939 $2\frac{1}{2}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á verzlunarlöggjöfinni.
- 1939 $2\frac{1}{2}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. 2. mgr. laga nr. 63 1937. 85 vindlingar gerðir upptækir.
- 1939 3% Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á 77. sbr. 96. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.

Á Siglufirði:

- 1939 $1\frac{1}{2}$ 25 kr. sekt fyrir óspektir.
- 1940 1% 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kærður Ámundi Geirsson er kominn yfir lögdur sakamanna, að eigin sögn fæddur 7. marz 1908, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1928 $\frac{1}{8}$ Kærður fyrir ölvun. Afgr. til dómara.
- 1929 $\frac{7}{8}$ Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
- 1930 1% Sátt: 40 kr. sekt og 10 kr. skaðabætur fyrir brot á bifreiðalögunum.
- 1931 $3\frac{1}{4}$ Sátt: 200 kr. sekt fyrir áfengisneyzlu í veitingahúsi.
- 1931 $1\frac{3}{10}$ Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1932 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
- 1932 $2\frac{1}{7}$ Sátt: 100 kr. sekt og svipting ökuskirteinis í 3 mánuði fyrir brot á áfengislögunum og bifreiðalögunum.
- 1935 $1\frac{1}{2}$ Áminning fyrir brot á 15. gr. áfengislaganna.
- 1940 2% Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $\frac{1}{4}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $\frac{3}{8}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður. En kærður skuldbatt sig til að greiða 30 kr. skaðabætur fyrir rúðubrot.
- 1941 $2\frac{7}{8}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Siglufirði:

- 1938 1% Sektaður um 20 krónur fyrir óspektir.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Í 60. tölublaði 29. árgangs Morgunblaðsins, sem út kom 23. f. m., birtist eftirfarandi auglýsing:

„Hús — Jarðir — Sumarbústaðir.

Kaupum og seljum alls konar fasteignir. Höfum hús, jarðir, sumar-
bústaði og byggingarlóðir á hendinni. Talið við okkur sem fyrst.
Kauum og seljum alls konar bifreiðar.

Jón og Ámundi.

Vesturgötu 26.

Sími 3663.“

Í 66. tölublaði 29. árgangs Morgunblaðsins, sem út kom 30. f. m., birtist eftirfarandi auglýsing:

„Hús og sumar-
bústaðir.

Ef þið viljið selja húseignir, byggingarlóðir, sumar-
bústaði, talið

við okkur sem fyrst. Höfum nokkur hús og sumarbústaði til sölu. Höfum heila útgerð til sölu í Grindavík. Eignaskipti mögulegt á húsi í Reykjavík. Tökum stór og smá skip í umboðssölu. Viljum kaupa strax 4ra manna bíl.

Jón & Ámundi.

Vesturgötu 26.

Sími 3663.“

Daginn áður en síðari auglýsing birtist, samþykkti stjórn Málflutningsmannafélags Íslands að kæra auglýsendur fyrri auglýsingarinnar fyrir að auglýsa, að þeir hefðu fasteignasölu með höndum án þess að hafa fengið leyfi til þess. Áður en stjórn félagsins hafði sent kærana frá sér, birtist síðari auglýsingin, og var hún látin fylgja með kærinni.

Við rannsókn málsins hafa kærðir jatað að hafa sett nefndar auglýsingar í Morgunblaðið. Áform sitt segja þeir hafa verið að kaupa og selja fasteignir fyrir sjálfa sig í ágóðaskyni og einnig að annast fyrir aðra viðskipti með fasteignir. Eignir þær, sem í fyrri auglýsingunni segir, að kærðir hafi „á hendinni“, áttu þeir ekki sjálfir, heldur voru þeir með auglýsingunni að leita fyrir sér um kaupendur að fasteignum, sem aðrir höfðu beðið þá að selja fyrir sig.

Kærðir hafa haldið því fram, að auglýsingarnar hafi ekki leitt til neinna viðskipta með fasteignir, hvorki fyrir þeirra sjálfra reikning né annarra, og hefur ekkert komið fram í málinu, er afsanni þá staðhæfingu. Hvorugur hinna kærðu hafði löggildingu sem fasteignasali samkvæmt lögum nr. 47 11. júní 1938, og telja þeir sér hafa verið ókunnugt um, að slíkrar löggildingar væri þörf. Hins vegar hafði kærður Jón Jónsson í símtali beðið Gústaf A. Sveinsson, lögfræðing hér í bænum, að semja fyrir þá skjöl og ganga frá formsatriðum við fasteignasöluna, ef til hennar kæmi. Misskilningur mun þó hafa verið milli kærðs Jóns og lögfræðingsins um þetta, því að lögfræðingurinn kveðst að visu hafa fallizt á að annast skjalagerðina, en honum hafi skilizt, að einungis væri um sölu fárra (1—2) eigna að ræða og að ekki væri um fasteignasölu sem fyrirtæki að ræða. Ósannað er, að kærðir hafi framkvæmt kaup og sölu fasteigna fyrir aðra, en þeir hafa tekið að sér að selja fasteignir fyrir aðra og leitað eftir kaupendum að þeim með auglýsingum. Þó að orðið „fasteignasali“ sé að visu hvergi notað í framangreindum auglýsingum, hlýtur rétturinn að líta svo á, að raunverulega kalli kærðir sig fasteignasala í þeim, þó með öðrum orðum sé. Þar sem kærðir höfðu ekki leyfi til að annast fasteignasölu fyrir aðra eða að kalla sig fasteignasala, hafa þeir með þessu brotið 1. gr. laga nr. 47 11. júní 1938 um fasteignasölu, og þykir refsing þeirra hvors um sig samkvæmt 11. gr. 1. mgr. sömu laga hæfilega ákveðin 300 króna sekt, er renni að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur, en að hálfu til rikissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað

hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Hina kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.
Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærðir, Jón Jónsson og Ámundi Geirsson, sæti hvor 300 króna sekt, er renni að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur og að hálfu til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektanna, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðir greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. október 1942.

Nr. 86/1942. **Réttvísing** (Einar Ásmundsson)
gegn

Andrésí Eiríkssyni (Magnús Thorlacius).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að refsing ákærða verði fangelsi 2 mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur hvorum.

Rannsókn máls þetta er ábótavant um eftirtalin atriði:

Ekki hefur verið tekin skýrsla fyrir dómi af eiganda veskisins, Þorsteini Jónssyni.

Ekki hefur verið reynt að upplýsa, hvort umrætt veski hafi verið á borði í hásetaklefanum, eins og ákærði heldur fram, eða í rúmi Þorsteins Jónssonar, eins og Þorsteinn segir í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar.

Rannsóknardómarinn hefur ekki, svo séð verði, sannreynt, hversu mikið fé hafi verið í veski því, er ákærði tók.